



Reykjavík, 9. september 2024

USK24040025

## Umsögn

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 10. apríl 2024:

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 24. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 3. apríl 2024, um Kleppsveg:  
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu: Lagt er til að ráðist verði í lagfæringu og/eða endurnýjun gangstétta við Kleppsveg, þar sem þær eru eyddar, sprungnar og ójafnar. Brýnust er þörfin á kaflanum við Kleppsveg 2 – 50 og 118 – 144.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

### Umsögn um tillögu:

Í undirbúningi er verkefni sem felur í sér framkvæmd ástandsmats göngu- og reiðhjólástíga í Reykjavík. Um er að ræða steiptar og hellulagðar stéttar og malbikaða göngu- og reiðhjólástíga auk malastíga. Ástandsgreining fer þannig fram að göngu og reiðhjólástígum er skipt upp í ástandsflokkka eftir sjónskoðun. Í framhaldinu verður gerð framkvæmdaáætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir ástandsflokkuninni og samkvæmt samþykktum fjárheimildum vegna endurnýjunar og viðhalds á göngu- og reiðhjólástígum.

*Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*



Reykjavík